

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1332/2004****2008/EES/14/06**

frá 20. júlí 2004

**um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri <sup>(1)</sup>, einkum 3. gr. og 1. mgr. 9. gr. d,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með tilskipun 70/524/EBE er veitt leyfi fyrir aukefnum sem nota á í Bandalaginu. Heimilt er að leyfa án tímamarka aukefnin, sem um getur í II. hluta viðauka C við þá tilskipun, að uppfylltum skilyrðum.
- 2) Notkun ensímefnablöndu úr endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 10287), var fyrst leyfð til bráðabirgða fyrir eldiskjúklinga, eldiskalkúna og smágrísi með reglugerð (EB) nr. 1436/98 <sup>(2)</sup>.
- 3) Notkun ensímefnablöndu úr endó-1,4-beta-xýlanasa og endó-1,4-beta-glúkanasa, framleiddir með *Humicola insolens* (DSM 10442), var fyrst leyfð til bráðabirgða fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1436/98 <sup>(3)</sup>.
- 4) Lögð voru fram ný gögn sem rökstuðningur með umsóknunum um leyfi án tímamarka fyrir hvora ensímefnablöndu um sig. Matið leiðir í ljós að skilyrði fyrir slíku leyfi, sem sett eru í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt í báðum tilvikum.

5) Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessara ensímefnablöndna án tímamarka, að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

6) Matið á umsóknunum leiðir í ljós að tilteknar aðgerðir eru nauðsynlegar til að vernda starfsmenn gegn váhrifum af völdum efnanna sem eru tilgreind í viðaukunum. Slík vernd ætti að vera tryggð með beitingu tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum <sup>(4)</sup>.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heimilt er að leyfa án tímamarka efnablöndurnar, sem tilheyra flokknum „ensím“ og tilgreindar eru í I. og II. viðauka, sem aukefni í fóðri með þeim skilyrðum sem sett eru í þeim viðaukum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. júlí 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 247, 21.7.2004, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/2005 frá 11. mars 2005 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 38, 28.7.2005, bls. 8.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1756/2002 (Stjtið. EB L 265, 3.10.2002, bls. 1).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 191, 7.7.1998, bls. 15.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með reglugerð Evrópubingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. EB L 284, 31.10.2003, bls. 1)

## I. VIÐAUKI

EB-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					Virkieiningar/kg heilföðurs			
<b>Ensim</b>								
E 1607	Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8	Efnablanda endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með <i>Aspergillus oryzae</i> (DSM 10287), með virkni að lágmarki:  Hjúpað form: 1 000 FXU <sup>(1)</sup> /g  Vökvaform: 650 FXU/ml	Eldis-kjúklingar	—	100 FXU	400 FXU	<ol style="list-style-type: none"> <li>Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun.</li> <li>Ráðlagður skammtur á kílógramm heilföðurs: 100-400 FXU.</li> <li>Til nota í fôðurlöndur, auðugar af fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum arabínoxýlönnum), t.d. þær sem innihalda yfir 50% af korni (t.d. hveiti, bygg, rúgi eða rúghveiti).</li> </ol>	Án tímamarka
			Eldis-kalkúnar	—	100 FXU	400 FXU	<ol style="list-style-type: none"> <li>Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun.</li> <li>Ráðlagður skammtur á kílógramm heilföðurs: 100-400 FXU.</li> <li>Til nota í fôðurlöndur, auðugar af fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum arabínoxýlönnum), t.d. þær sem innihalda yfir 50% af korni (t.d. hveiti, bygg, rúgi eða rúghveiti).</li> </ol>	Án tímamarka
			Smágrisir	—	200 FXU	400 FXU	<ol style="list-style-type: none"> <li>Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun.</li> <li>Ráðlagður skammtur á kílógramm heilföðurs: 200-400 FXU.</li> <li>Til nota í fôðurlöndur, auðugar af fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum arabínoxýlönnum), t.d. þær sem innihalda yfir 50% af korni (t.d. hveiti, bygg, rúgi eða rúghveiti).</li> <li>Handa smágrisum sem búið er að venja undan þangað til þeir eru u.þ.b. 35 kg.</li> </ol>	Án tímamarka

<sup>(1)</sup> 1 FXU er magn þess ensims sem leysir 7,8 mikrómol afoxandi sykra (xýlösafngilda) á mínútu úr arabínoxýlani úr asó-hveiti við pH 6,0 og 50 °C.

## II. VIÐAUKI

EB-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					Virkniefningar/kg heilfóðurs			
<b>Ensím</b>								
E 1608	Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8 Endó-1,4-beta-glúkanasi EC 3.2.1.4	Efnablanda endó-1,4-beta-xýlanasa og endó-1,4-beta-glúkanasa, framleiddir með <i>Humicola insolens</i> (DSM 10442), með virkni að lágmarki:  Hjúpað form:  Endó-1,4-beta-xýlanasi: 800 FXU <sup>(1)</sup> /g  Endó-1,4-beta-glúkanasi: 75 FBG <sup>(2)</sup> /g  Vökvaform: Endó-1,4-beta-xýlanasi: 550 FXU/ml  Endó-1,4-beta-glúkanasi: 50 FBG/ml	Eldis-kjúklingar	—	400 FXU 36 FBG	1 000 FXU 94 FBG	<ol style="list-style-type: none"> <li>Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun.</li> <li>Ráðlagður skammtur á kílógramm heilfóðurs: 400-1 000 FXU 36-94 FBG.</li> <li>Til nota í fæðublöndur, auðugar af fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum arabinoxýlönnum og beta-glúkönnum), t.d. þær sem innihalda yfir 40% efna úr jurtaríkinu (bygg, hafra, hveiti, rúg, rúghveiti, dúrru eða úlfabaunir).</li> </ol>	Án tímamarka

<sup>(1)</sup> FXU er magn þess ensíms sem leysir 3,1 míkromól afoxandi sykra (xýlósajafngilda) á mínútu úr arabinoxýlani úr asó-hveiti við pH 6,0 og 50 °C.

<sup>(2)</sup> 1 FBG er magn þess ensíms sem leysir 1 míkromól afoxandi sykra (glúkósajafngilda) á mínútu úr beta-glúkani úr byggi við pH 5,0 og 30 °C.